

Byggðastofnun
Hjalti Árnason
Sauðármýri 2
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 16. júlí 2026

Efni: Tilkynning til Byggðastofnunar um hækkun á 50 g bréfi, innan alþjónustu

1. Tilkynning til Byggðastofnunar um verðbreytingar á þjónustu innan alþjónustu

Íslandspóstur ohf. (hér eftir ÍSP) tilkynnir hér með Byggðastofnun (hér eftir BST) um eftirfarandi breytingar á verðskrá fyrir almenn bréf sbr. 1. mgr. og 2. mgr. 18. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019 (hér eftir lög um pósthjónustu).

Þyngd	Verð	Nýtt verð	Breyting
0-50 g	350	365	4,3%
51-250 g	425	445	4,7%
251-2000 g	720	755	4,9%

Verðbreytingin er einnig tilkynnt á heimasíðu ÍSP, þann 3. júlí sl. sbr. 1. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu.

Gert er ráð fyrir að verðbreytingarnar taki gildi þann 1. ágúst 2026.

2. Sama gjaldskrá um land allt

Verðskrá fyrir 50 g bréfið gildir um allt land, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga um pósthjónustu: „Smásölugjaldskrá fyrir bréf allt að 50 g innan alþjónustu skal vera sú sama um allt land.“

Sama verðskrá er um allt land í flokkunum 51-250 og 251-2000 g, enda ekki forsendur til að skipta verðskránni upp eftir svæðum þar sem magn í þessum þyngdarflokkum er svo lítið.

3. Rökstuðningur Íslandspósts fyrir breytingum á gjaldskrá innan alþjónustu

Samkvæmt 1. mgr. (einstök bréfi) 18. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019, skal alþjónustuveitandi senda eftirlitsaðila fullnægjandi rökstuðning fyrir þeim breytingum sem gerðar eru á gjaldskrá innan alþjónustu. Enga skýringu er hins vegar að finna í ákvæðinu sjálfu hvað telst fullnægjandi rökstuðningur. Í greinargerð með ákvæðinu er aðeins gefin sú leiðbeining að breytingingin skuli vera í samræmi við meginreglur 17. gr. laga um pósthjónustu.

Þær meginreglur sem fram koma í 17. gr. eru eftirfarandi:

- Að gjöld fyrir alþjónustu eigi að vera viðráðanleg fyrir notendur, sbr. 1. mgr. 17. gr.
- Að gjaldskrár fyrir alþjónustu skuli taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði
- Gjaldskrá skal vera auðskiljanleg
- Gæta skal jafnræðis

- Tryggja skal gagnsæi

Gjaldskrá ÍSP fyrir almenn bréf var ein af meginstoðunum undir rekstri dreifikerfis félagsins sem skylt er að halda úti um land allt lögum samkvæmt, sbr. ákvörðun PFS nr. 13/2020, eins og henni var breytt með ákvörðun BST nr. Á- 14/2023. Samhliða fækkun bréfa hefur fyrirtækið dregið umtalsvert úr umsetningu félagsins, s.s. með lokun hefðbundna afgreiðslustaða og sett upp póstbox í staðinn, breytt skipulagi dreifingar, aukið sjálfvirkni og fækkað starfsmönnum, svo eitthvað sé nefnt.

Um hagræðingu

Afkoma félagsins af bréfadreifingu um landið allt hefur verið óviðunandi á undanförunum árum. Ein helsta ástæða þess er að eftirspurn eftir þessari þjónustu hefur minnkað ár frá ári, en heildarmagn bréfa í kerfum fyrirtækisins er í dag einungis um 10% af því magni sem var í dreifikerfinu á árinu 2010. Stjórnvöld hafa einnig fært tíðni dreifingar niður í 2 virka daga, sem og opnað á þann möguleika að færa lögbundna tíðni niður í einn dag, sbr. 3. mgr. 8. gr. reglugerðar um alþjónustu nr. 400/2020. Fækkun bréfa hefur einnig haft þær breytingar í för með sér að gerðar hafa verið breytingar á útnefningu ÍSP sem alþjónustuveitanda, sbr. t.d. ákvörðun BST nr. Á-14/2023 og Á-11/2024, þar sem fleiri póstnúmer voru færð undir óvirk markaðssvæði í dreifingu almennra bréfa.

ÍSP hefur einnig mætt þessum breytingum í rekstraumhverfinu með verðbreytingum og hagræðingaraðgerðum. Árlega hefur verið gert grein fyrir þessum aðgerðum í tengslum við umsóknir ÍSP um endurgjald úr hendi ríkisins vegna þjónustu á óvirkum markaðssvæðum.

Áfram verður unnið að hugmyndum um hagræðinu í rekstri félagsins tengt bréfadreifingu sérstaklega vegna þeirrar stöðugu magnminnkunar sem á sér stað.

Um viðráðanlegt verð

Erfitt er að fullyrða um hvaða áhrif einingarverð bréfa hefur á eftirspurn eftir þjónustu ÍSP á sviði bréfadreifingar, t.d. ef horft er til þeirrar kröfu laga um pósthjónustu, að gjaldskrá innan alþjónustu eigi að vera viðráðanleg fyrir notendur. Einingarverð bréfa skiptir því væntanlega viðskiptavinum ÍSP minna máli en áður þegar fjöldi bréfa, sem stærstu sendendur sendu hljóp á milljónum á hverju ári. Sú hækkun sem nú er boðuð ætti því ekki að ganga gegn áskilnaði 1. mgr. 17. gr. um að verðskrá innan alþjónustu eigi að vera viðráðanleg t.d. ef horft er í dag til mikilvægi bréfsins í viðskiptum hér á landi og það borið saman við stöðuna sem uppi var fyrir nokkrum árum þegar útsending bréfa var eini möguleiki fyrirtækja til að senda t.d. reikning á annan aðila.

Um kostnað félagsins.

Hækkun 0-50 g bréfa er vísitölutengd að teknu tilliti til kostnaðar. Með henni er einnig verið að bregðast við um 28% minnkun í magni sem gert er ráð fyrir að raungerist á árinu 2026.

Um afkomu ÍSP af vöruflokknum vísast einnig til kostnaðarlíkans fyrirtækisins, en þar má sjá kostnað af hverri einingu miðað við meðalafkomu á svæðinu, en kostnaðarlíkanið hefur verið sent Bygðastofnun árlega í tengslum við umsókn félagsins um endurgjald vegna alþjónustu.

Vegna kröfu um sömu verðskrá um allt land er þessi kostnaður jafnaður út og fengið út eitt verð fyrir bréf undir 50 g.

Önnur skilyrði

Jafnframt telur ÍSP að gjaldskrá félagsins, hér eftir sem hingað til, uppfylli skilyrði laga um að vera auðskiljanleg, að gætt sé jafnræðis og gagnsæi tryggt.

4. Bókhaldsleg aðgreining

Bókhald félagsins er í samræmi við 19. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019, en ÍSP skal í bókhaldi sérgreina kostnað og tekjur fyrir sérhverja tegund þjónustu sem fellur undir alþjónustu.

5. Kostnaður vegna alþjónustu

Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 13/2020, eins og henni var breytt með ákvörðun BST nr. Á-14/2023 var m.a. komist að þeirri niðurstöðu að ÍSP myndi, án útnefningar, ekki veita þjónustu á tilteknum stöðum og/eða veita annarskonar eða breytta þjónustu ef fyrirtækið gæti lagt hefðbundin viðskiptasjónarmið til grundvallar.

Gjaldskrá félagsins fyrir almenn bréf líkt og aðrar gjaldskrár innan alþjónustu verður því ekki slitin úr samhengi við alþjónustukostnað félagsins, sbr. ákvörðun BST nr. Á-1/2026. Ekki er því tekið, að öllu leyti, tillit til kostnaðar ÍSP af dreifingu bréfa á svæði 4 (landpóstadreifing) sem er margfalt dýrari en kostnaður við dreifingu á öðrum svæðum á landinu, en fyrir liggur að ÍSP myndi hætta að veita þjónustu á svæði 4, sem og á bréfadreifingu á öðrum svæðum, án útnefningar.

Virðingarfyllst,



